

**Nd.**

**302. Nefndarálit**

**[10. mál]**

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOI).

Allar þær álögur, sem með þessum kafla eru álagðar, voru upphaflega settar á til þess að standa undir fiskábyrgðinni og kostnaði við að halda niðri dýrtíðinni. I. og II. kafla þessara laga voru afnumdir og þar með tilgangurinn, sem helga skyldi álögurnar. Jafnhliða setti ríkisstjórnin gengislækkunina á og lofaði samtímis að lækka álögurnar. En ekkert af því hefur verið efnt. Hinum þungu álögum er haldið, en öryggið, sem fiskábyrgðin skóp sjávarútveginum og þjóðinni, er horfið. Samtímis er svo skriffinnskubákn ríkisstjórnarinnar aukið jafnt og þétt og einokunarfjöttrar lítillar yferráðastéttar á þjóðinni hertir meir og meir.

Til þess að mótmæla þessum aðförum legg ég gegn frumvarpinu. Það verður að taka tekjurnar í ríkissjóð með aðferðum, sem ekki beinlínis auka dýrtíðina og leggjast þyngst á alþýðu manna.

Þá er og rétt að benda á, að mikið af söluskattinum leggst á fyrirtæki hins opinbera sjálfs og verður aðeins til að gera erfiðara fyrir um nauðsynlegar framkvæmdir og gera þær dýrari. T. d. verður Sogsvirkjunin að greiða 5 milljónir króna í sölu-skatt af efni og vélum, sem síðan kemur fram í hækkuðu rafmagnsverði, aukinni dýrtíð.

Hins vegar er vitanlegt, að núverandi stjórnarflokkar munu halda fast við sölu-skattinn og því engin von um að fá honum af lélt eða úr honum dregið, þar sem þá mundi ef til vill verða að taka tekjurnar þannig, að meir kæmi við auðmannastétt landsins. Ég mun því freista þess að fá fram ásamt öðrum þá breytingu á þessu frv. að fella niður sölugjald á bifreiðum, sem 31. gr. mælir fyrir um.

Alþingi, 8. des. 1950.

Einar Olgeirsson.